

Orkustofnun hefur ákveðið að fara fram á við dreifiveitur og flutningsfyrirtæki að með skýrslum þeirra yfir sundurliðun rekstrartekna, rekstrargjalda og fastafjármuna, fylgi áritun ytri endurskoðenda fyrirtækjanna, þar sem fram komi að viðkomandi skýrsla sé í samræmi við ákvæði raforkulaga nr. 65/2003 m.s.br. og leiðbeiningar Orkustofnunar.

### **Starfsemi skv. raforkulögum**

Starfsemi raforkufyrirtækja má í meginatriðum skipta í eftirtalda tvo megin flokka þ.e. sérleyfisskylda starfsemi og samkeppnisstarfsemi.

Sérleyfisskyld starfsemi skiptist í megin atriðum í eftirfarandi:

Flutningur raforku

Dreifing raforku

Samkeppnisstarfsemi skiptist í meginatriðum í eftirfarandi:

Raforkuvinnsla (framleiðsla)

Raforkuviðskipti (sala)

Vakin er athygli stjórnenda og endurskoðenda fyrirtækjanna á eftirfarandi ákvæðum raforkulaganna:

#### *Flutningur raforku*

Eftirfarandi eru tilvitnanir í 8. gr. raforkulaga.

- 1. mgr. *”Eitt fyrirtæki, sem ráðherra tilnefnir, skal annast raforkuflutning og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Fyrirtækið skal vera sjálfstæður lög- og skattaðili.”*
- 4. mgr. *”Flutningsfyrirtækið má ekki stunda aðra starfsemi en þá sem því er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt lögum þessum. Því er þó heimilt að reka raforkumarkað, enda haldi fyrirtækið reikningum vegna hans aðskildum frá reikningum vegna annarrar starfsemi í bókhaldi. Flutningsfyrirtækið skal í bókhaldi sínu halda reikningum vegna kerfisstjórnunar aðskildum frá reikningum vegna annarrar starfsemi. Um bókhaldslegan aðskilnað fer að öðru leyti skv. 41. gr. Stjórn flutningsfyrirtækisins skal vera sjálfstæð gagnvart öðrum fyrirtækjum sem stunda vinnslu, dreifingu eða sölu raforku.”*
- 5. mgr. *”Fari flutningsfyrirtækið ekki að skilyrðum laga þessara, reglugerðum settum samkvæmt þeim, skilyrðum samnings skv. 2. mgr. eða annarra samninga sem tengjast honum skal ráðherra veita flutningsfyrirtækinu skriflega aðvörðun og hæfilegan frest til úrbóta. Ef flutningsfyrirtækið sinnir ekki aðvörðun ráðherra innan tilgreindra tímamarka getur ráðherra endurskoðað samninginn eða rift honum.”*

Í 12. gr. þar sem fjallað er um gjaldskrá flutningsfyrirtækis er kveðið á um að Orkustofnun skuli setja flutningsfyrirtækinu tekjumörk út frá tilteknum viðmiðunum. Þau viðmið eru kostnaður sem tengist starfsemi félagsins, tiltekin arðsemi og hagræðingarkrafa.

Í 41. gr. raforkulaga eru ákvæði um með hvaða hætti skipta eigi rekstrartekjum, rekstrargjöldum og fastafjármunum sem ekki eru heimfæranleg á tiltekna starfsemi, auk þess sem að í 2. mgr. 41. gr. er gerð krafa um aðskilnað mismunandi starfsemi í ársreikningi.

### **Dreifing raforku**

Eftirfarandi eru tilvitnanir í 13. og 16. gr. raforkulaga.

- 1. mgr. 13. gr. *”Leyfi ráðherra þarf til að reisa og reka dreifikerfi á tilteknu dreifiveitusvæði og til að hætta slíkum rekstri. Í leyfinu felst einkaréttur og skylda til dreifingar á viðkomandi svæði.”*
- 2. mgr. 16. gr. *”Stundi dreifiveita aðra starfsemi en raforkudreifingu skal fyrirtækið í bókhaldi sínu halda reikningum vegna dreifingar aðskildum frá reikningum vegna annarrar starfsemi. Reki sama dreifiveita dreifikerfi á fleiri en einu gjaldskrársvæði skal fyrirtækið halda aðskilda reikninga í bókhaldi sínu fyrir hvert svæði. Eigi dreifiveita flutningsvirki skal fyrirtækið í bókhaldi sínu aðskilja reikninga vegna þeirra frá bókhaldi vegna annarrar starfsemi. Um bókhaldslegan aðskilnað fer að öðru leyti skv. 41. gr. Óheimilt er dreifiveitu að niðurgreiða samkeppnisrekstur sem hún stundar af starfsemi vegna dreifingar eða annarri sérleyfisstarfsemi eða starfsemi sem hefur sambærilega stöðu.”*

Í 17. gr. þar sem fjallað er um gjaldskrá dreifiveitna er kveðið á um að Orkustofnun skuli setja einstökum dreifiveitum tekjumörk út frá tilteknum viðmiðunum. Þau viðmið eru kostnaður sem tengist starfsemi félagsins, tiltekin arðsemi og hagræðingarkrafa.

Í 41. gr. raforkulaga eru ákvæði um með hvaða hætti skipta eigi rekstrartekjum, rekstrargjöldum og fastafjármunum sem ekki eru heimfæranleg á tiltekna starfsemi, auk þess sem að í 2. mgr. 41. gr. er gerð krafa um aðskilnað mismunandi starfsemi í ársreikningi.

### **Áhættuþættir**

Við mat á því í hverju hætta á skekkjum við skiptingu rekstrartekna, rekstrargjalda og fastafjármuna á viðeigandi starfsemi felst er mikilvægt að hafa í huga að sú hætta kann að vera fyrir hendi að arðsemi sérleyfis skyldrar starfsemi sé gerð verri, en hún raunverulega er eða á að vera með því að;

- a) afkoma fyrir fjármunatekjur, fjármagnsgjöld og skatta (EBIT) sérleyfis skyldrar starfsemi sýnd lakari, en hún á að vera með því að;
  - i) gjöld af samkeppnisstarfsemi færð á sérleyfis skylda starfsemi
  - ii) tekjur af sérleyfis skyldri starfsemi færðar á samkeppnisstarfsemi
- b) bókfært verð fastafjármuna sem taldir eru tilheyra sérleyfis skyldri starfsemi er of hátt;
  - iii) fastafjármunir sem ekki tilheyra sérleyfis skyldri starfsemi taldir til hennar
  - iv) bókfært verð fastafjármuna sem tilheyra sérleyfis skyldri starfsemi of hátt metið

### **Áritun skýrslu til Orkustofnunar**

Við endurskoðun og áritun á skýrslu til Orkustofnunar skal höfð hliðsjón af alþjóðlegum endurskoðunarstaðli (ISA) “800 The Auditor’s Report on Special Purpose Audit Engagements”.

Fyrirmynd að áritun endurskoðenda á sérstakar skýrslu má finna í Appendix 2 í ISA 800.

Eftirfarandi er dæmi um hvernig áritun á skýrslu til Orkustofnunar, án fyrirvara, þ.e. þegar álit endurskoðandans er að skýrslan gefi glögga mynd af þeim skiptingum sem farið er fram á og að þær séu í samræmi við raforkulög nr. 65/2003 og leiðbeiningar Orkustofnunar:

## Áritun endurskoðenda

---

Til stjórnar og eigenda í X.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi skýrslu með skiptingu rekstrartekna, rekstrargjalda og fastafjármuna X fyrir árið 2010. Skýrslan hefur að geyma áritun stjórnenda, deildarskiptingu rekstrarreiknings og skiptingu fastafjármuna úr efnahagsreikningi. Skýrslan er lögð fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á skýrslunni á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju á Íslandi en samkvæmt henni skal skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að skýrslan sé í meginatriðum annmarkalaus. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem koma fram í skýrslunni. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð skýrslunnar og mat á framsetningu hennar í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að skýrslan gefi glögga mynd af deildarskiptingu rekstrartekna og rekstrargjalda félagsins á árinu 2010 og skiptingu fastafjármuna úr efnahagsreikningi þess 31. desember 2010 í samræmi við ákvæði raforkulaga nr. 65/2003 og leiðbeiningar Orkustofnunar.

Reykjavík, [dagur/mánuður] 2011.

löggiltur endurskoðandi

Telji endurskoðandinn að skýrslan sé ekki í samræmi við ákvæði raforkulaga nr. 65/2003 og leiðbeiningar Orkustofnunar, skal hann gera stofnuninni skriflega grein fyrir þeim atriðum sem hann telur að séu í ósamræmi eða hann telur að öðru leyti ástæður til að gera athugasemdir við.

### **Endurskoðunarfyrimæli - yfirlit**

Hér á eftir eru tilgreindar endurskoðunaraðgerðir, sem að lágmarki skal framkvæma áður en álit er látið í ljós á skýrslu til Orkustofnunar. Gera má ráð fyrir að verulegur hluti endurskoðunaraðgerðanna eigi sé þegar stað við endurskoðun ársins og því sé ekki um sérstaka viðbótarvinnu að ræða.

### **Rekstrartekjur**

1. Fá skal lýsingu á verkferlum við bókun rekstrartekna og yfirlit yfir innra eftirlit með tekjuskráningu, yfirfara skal og leita að veikleikum. Kanna skal sérstaklega hvort e-r breytingar hafi orðið á verkferlum og innra eftirliti í kjölfar raforkulaga nr. 65/2003 m.s.br. og opinberra krafna um bókhaldslegan aðskilnað. Ganga skal úr skugga um að verklagsreglur við bókun rekstrartekna séu í samræmi við ákvæði raforkulaga og leiðbeiningar Orkustofnunar.
2. Afla skal upplýsinga um verklagsreglur við skiptingu sameiginlegra tekna á einstaka starfsemi eða einstök tekjusvið og ganga úr skugga um að þær séu í samræmi við ákvæði raforkulaga og leiðbeiningar Orkustofnunar.
3. Kanna skal hvort tekjur í skýrslu til Orkustofnunar stemmi við tekjur í endurskoðuðum ársreikningi.
4. Kanna skal hvort tekjur í bókhaldi stemmi við sundurliðaðar tekjur í skýrslu til Orkustofnunar.
5. Kanna skal með gagnaskoðun að bókun tekna sé í samræmi við raforkulög nr. 65/2003 og leiðbeiningar Orkustofnunar með því að:
  - a. Skoða gögn til grundvallar færslu tekna af samkeppnisstarfsemi, með slembiúrtaki.
  - b. Skoða gögn til grundvallar færslu tekna af sérleyfisskyldri starfsemi, með slembiúrtaki.
  - c. Skoða gögn til grundvallar færslu sameiginlegra tekna, með slembiúrtaki.

### **Rekstrargjöld önnur en afskriftir**

6. Fá skal lýsingu á verkferlum við bókun rekstrargjalda og yfirlit yfir innra eftirlit með skráningu gjalda, yfirfara og leita að veikleikum. Kanna skal sérstaklega hvort e-r breytingar hafi orðið á verkferlum og innra eftirliti í kjölfar raforkulaga nr. 65/2003 m.s.br. og opinberra krafna um bókhaldslegan aðskilnað. Ganga skal úr skugga um að verklagsreglur við bókun rekstrargjalda séu í samræmi við ákvæði raforkulaga og leiðbeiningar Orkustofnunar.
7. Afla skal upplýsinga um verklagsreglur við skiptingu sameiginlegra rekstrargjalda á einstaka starfsemi eða einstök svið og ganga úr skugga um að þær séu í samræmi við ákvæði raforkulaga og leiðbeiningar Orkustofnunar.
8. Kanna skal , ef um er að ræða kaup á vörum eða þjónustu frá einstökum, sviðum, deildum eða tengdum fyrirtækjum, hvort kaupverð sé eðlilegt og eigi hærra en ef um viðskipti við ótengda aðila væri að ræða.
9. Kanna skal hvort rekstrargjöld í skýrslu til Orkustofnunar stemmi við rekstrargjöld í endurskoðuðum ársreikningi.
10. Kanna skal hvort rekstrargjöld í bókhaldi stemmi við sundurliðuð rekstrargjöld í skýrslu til Orkustofnunar.
11. Kanna skal með gagnaskoðun að bókun gjalda sé í samræmi við raforkulög nr. 65/2003 m.s.br. og leiðbeiningar Orkustofnunar með því að:
  - a. Skoða skal gögn til grundvallar færslu rekstrargjalda vegna samkeppnisstarfsemi, með slembiúrtaki.
  - b. Skoða skal gögn til grundvallar færslu rekstrargjalda vegna sérleyfisskyldri starfsemi, með slembiúrtaki.
  - c. Skoða skal gögn til grundvallar færslu sameiginlegra rekstrargjalda, með slembiúrtaki.

## Fastafjármunir og afskriftir

12. Fá skal lýsingu á verkferlum við eignfærslu fastafjármuna og yfirlit yfir innra eftirlit með þeim, yfirfara og leita að veikleikum. Kanna skal sérstaklega hvort e-r breytingar hafi orðið á verkferlum og innra eftirliti í kjölfar raforkulaga nr. 65/2003 m.s.br. og opinberra krafna um bókhaldslegan aðskilnað. Ganga skal úr skugga um að verklagsreglur við eignfærslu fastafjármuna séu í samræmi við ákvæði raforkulaga og leiðbeiningar Orkustofnunar.
13. Afla skal upplýsinga um verklagsreglur við eignfærslu sameiginlegra fastafjármuna á einstaka starfsemi eða einstök svið og ganga úr skugga um að þær séu í samræmi við ákvæði raforkulaga og leiðbeiningar Orkustofnunar.
14. Kanna skal hvort eignfærslur og bókfært verð fastafjármuna 31. desember 2007 í skýrslu til Orkustofnunar sé í samræmi við reglur og fyrirmæli stofnunarinnar.
15. Kanna skal sérstaklega með gagnaskoðun að eignfærsla fastafjármuna sé í samræmi við raforkulög nr. 65/2003 m.s.br. og leiðbeiningar Orkustofnunar með því að:
  - a. Skoða gögn til grundvallar eignfærslu fastafjármuna vegna samkeppnisstarfsemi, með slembiúrtaki.
  - b. Skoða gögn til grundvallar eignfærslu fastafjármuna vegna sérleyfisskyldrar starfsemi, með slembiúrtaki.
  - c. Skoða gögn til grundvallar eignfærslu sameiginlegra fastafjármuna, með slembiúrtaki.
16. Kanna skal hvort afskriftarhlutföll og gjaldfærðar afskriftir í skýrslu til Orkustofnunar séu í samræmi við samþykktar reglur stofnunarinnar.
17. Kanna skal með gagnaskoðun að bókun afskrifta sé í samræmi við raforkulög nr. 65/2003 m.s.br. og leiðbeiningar Orkustofnunar með því að:
  - a. Skoða gögn til grundvallar gjaldfærslu afskrifta vegna samkeppnisstarfsemi, með slembiúrtaki.
  - b. Skoða gögn til grundvallar gjaldfærslu afskrifta vegna sérleyfisskyldrar starfsemi, með slembiúrtaki.
  - c. Skoða gögn til grundvallar gjaldfærslu sameiginlegra afskrifta, með slembiúrtaki.